



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 33/2012

Firmanöfnin Íslenskar raflausnir ehf. og Raflausnir rafverktakar ehf.

I.

Erindið

Með bréfi Íslenskra raflausna ehf. til Neytendastofu, dags. 25. nóvember 2011, kvartaði félagið yfir Raflausnum rafverktökum ehf. vegna ruglingshættu á nöfnum félaganna. Telji Íslenskar raflausnir að Raflausnir rafverktakar brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, einkum 15. gr. a. laganna. Enn fremur telji Íslenskar raflausnir það auka rugling milli félaganna að forsvarsmenn beggja félaga beri algeng fornöfn og svo millinafnið Logi. Fari Íslenskar raflausnir fram á að Raflausnum rafverktökum verði gert að breyta nafni félagsins.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Íslenskra raflausna, dags. 12. janúar 2012, var óskað eftir frekari gögnum og ítarlegri rökstuðningi um meinta ruglingshættu aðila áður en erindið yrði sent til umsagnar gagnaðila.

2.

Svar barst með bréfi Íslenskra raflausna, dags. 31. janúar 2012. Þar kemur fram að Íslenskar raflausnir telji að ruglingshætta félaganna Íslenskar raflausnir og Raflausnir rafverktakar felist einkum í því að um sé að ræða tvö félög með mjög lík nöfn sem starfi bæði á sviði rafverktaka. Þá starfi bæði fyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu og séu þar af leiðandi með sama eða svipaðan markhóp.

Áherslan hjá Íslenskum raflausnum hafi alltaf verið á heitinu „Raflausnir“. Sá hluti nafnsins sé sá fyrirferðarmesti í firmanafninu og vörumerkinu. Orðið „Íslenskar“ sé með minna lettri í vörumerkinu sem fyrirtækið noti til auglýsinga. Þá sé myndin í vörumerkinu stórt R með rafmagnssnúru og eldingum. Netfang félagsins sé einnig raflausnir@heimsnet.is. Hafi félagið ætíð lagt áherslu á nafnið „Raflausnir“ í sinni vinnu og markaðssetningu.

Fyrirtækið Íslenskar raflausnir hafi verið stofnað árið 2001. Á sínum tíma hafi forsvarsmaður félagsins reynt að fá skráð nafnið „Raflausnir ehf.“. Því hafi verið hafnað þar sem fyrir væri skráð félagið Raflausn ehf. Það félag starfi skv. vitneskju Íslenskra raflausna ekki á sviði rafverktaka, heldur á sviði tæknifræðipjónustu. Þá sé það staðsett á Egilsstöðum en ekki á höfuðborgarsvæðinu. Sé því engin ruglingshætta á því félagi og Íslenskum raflausnum. Vegna þessarar höfnunar hafi félagið hins vegar bætt við forskeytinu „Íslenskar“. Félagið hafi aftur á móti alla tíð lagt áherslu á nafnið „Raflausnir“ við markaðsstarf sitt eins og áður hafi verið nefnt.

Nýverið hafi verið stofnað félagið Raflausnir rafverktakar ehf. Viðskeytið „rafverktakar“ feli einungis í sér starfsheiti sem tengist starfssviði félagsins. Þannig séu Íslenskar raflausnir einnig rafverktaki og gæti með réttu kallað félag sitt Íslenskar raflausnir ehf. Rafverktakar. Þá virðist Raflausnir rafverktakar einkum leggja áherslu á nafnið „Raflausnir“ við sína markaðssetningu. Til dæmis þá sé vörumerki þeirra einungis með nafninu „Raflausnir“ en ekki viðskeytinu „rafverktakar“. Bílar félagsins séu merktir með vörumerki félagsins „Raflausnir“. Auk þessa séu raflausnir rafverktakar með vefsíðu í smíðum á vefslóðinni raflausnir.is.

Ofangreindu til viðbótar hafi forsvarsmenn beggja félaga hið óvenjulega miðnafn Logi. Forsvarsmaður Íslenskra raflausna ehf. heiti Sveinn Logi, en forsvarsmaður Raflausna rafverktaka heiti Einar Logi. Telji Íslenskar raflausnir að þetta geti enn fremur aukið ruglingshættu á félögunum.

Íslenskar raflausnir hafi orðið vart við ruglingshættu hjá birgjum félagsins, sem virðast eiga í erfiðleikum með aðgreiningu á félögunum þrátt fyrir að vera í viðvarandi viðskiptasambandi við þau. Í dag, einkum með tilkomu Internetsins og miðla eins og Facebook ofl., eigi stór hluti af viðskiptum sér stað fyrir tilstilli meðmæla eða svokölluðu „word of mouth“. Hljóti það sérstaklega að eiga við þegar um sé að ræða starfssvið, þar sem mörg minni fyrirtæki og einyrkjar séu að keppast um viðskipti fyrirtækja og einstaklinga, eins og þekkist hjá rafverktökum. Íslenskar raflausnir telji ruglingshættu á félögunum mikla við þessar aðstæður með tilliti til ofangreinds. Ítrekuð sé sú krafa að Raflausnum rafverktökum verði gert að breyta nafni sínu.

3.

Bréf Íslenskra raflausna, dags. 25. nóvember og 31. janúar 2012, voru send Raflausnum rafverktökum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 2. febrúar 2012. Í bréfinu benti Neytendastofa á að 5. gr. laga nr. 57/2005 kynni einnig að koma til álita í málinu. Svar barst með bréfi Raflausna rafverktaka, dags. 17. febrúar 2012. Þar er því hafnað að notkun á nafni félagsins brjóti gegn ákvæðum laga.

Í bréfinu segir að Raflausnir rafverktakar hafi hafið starfsemi í mars 2011. Starfsemin hafi gengið mjög vel og sé félagið með samninga við marga stóra aðila, svo sem Símann. Á vegum félagsins starfi sex starfsmenn og starfsemin sé nokkuð umfangsmikil. Nokkuð mikið hafi verið lagt í markaðssetningu félagsins en klæðnaður starfsmanna, þ.e. bolir, peysur, úlpur o.s.frv. sé merktur með vörumerki félagsins, eins og fimm bifreiðar félagsins. Lagt hafi verið út í mikinn kostnað við gerð vörumerkisins auk þess sem félagið sé með heimasíðuna raflausnir.is. Félagið hafi ekki heyrt af Íslenskum raflausnum fyrr en með kvörtun þess félags.

Samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sé óheimilt að nota auðkenni þannig að það geti leitt til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Raflausnir rafverktakar telur nafn félagsins hvorki brjóta gegn 15. gr. a. laganna né öðrum ákvæðum laganna.

Í fyrsta lagi vilji Raflausnir rafverktakar benda á að engin hættu sé á að villst verði á vörumerkjunum Íslenskar raflausnir og Raflausnir rafverktakar. Sé heitið Raflausnir slegið inn á ja.is komi upp nöfn beggja félaga þannig að ljóst sé að tvö fyrirtæki hafi hið lýsandi orð raflausnir í nafni sínu. Sé orðið rafverktakar slegið inn í leitarstreng hjá ja.is komi aðeins eitt fyrirtæki upp, þ.e. Rafverktakar Öryggi ehf. Það félag hafi ekki haldið því fram að neytendur geti villst á nafni þess og Raflausna rafverktaka jafnvel þó báðir hafi orðið rafverktakar í nafni sínu. Þá bendi Raflausnir rafverktakar á að félagið hafi aldrei heyrt um kvartanda og hafi hvergi séð vörumerki hans. Í kvörtun sinni bendi kvartandi á að ruglingshætta sé á facebook.com vegna líkra nafna. Raflausnir rafverktakar bendi á að hvorugt félagið sé skráð á facebook.com. Til samanburðar megi líta á orðið veflausnir sem mjög mörg fyrirtæki noti í nafni sínu, sbr. t.d. InnSýn veflausnir, Garún-veflausnir, Atómstöðin vefsíðugerð og veflausnir, Autonomy veflausnir og A2 veflausnir. Til samanburðar megi einnig nefna nöfn á fasteignasölum sem mörg séu keimlík eða með sama orð í nafninu, t.d. eignamiðlun, fasteignamiðlun, Eignamiðlun Suðurnesja, fasteign.is, eign.is o.s.frv. Sambærilegt með lögmannsstofur t.d. Lögmannsstofa Jóns Egilssonar og Lögmannsstofa Loga Egilssonar. Enginn hafi hins vegar haldið fram að villst verði á vörumerkjum þessara fyrirtækja þannig að banna ætti einu eða nokkrum þeirra að nota nafn sitt.

Í öðru lagi verði að benda á að vernd vörumerkis takmarkist af því að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem aðilar bjóða. Í því tilviki sem hér um ræði sé ljóst að raflausnir sé mjög lýsandi fyrir starfsemi Raflausna rafverktaka en nafnið sé skírskotun í störf félagsins sem reki rafverktakafyrirtæki, þ.e.a.s. fyrirtæki sem finni lausn á vandamálum tengdum rafmagni. Þá sé merking orðsins tvíþætt og orðið hafi enn frekari skírskotun í það fag sem félagið vinni við en hugtakið raflausn merki lausn sem innihaldi frjálsar jónir og leiði því rafstraum. Orðið raflausnir geti því ekki notið einkaréttar. Til að njóta einkaréttar verður vörumerki að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtæki frá keppinautum og takmarkist verndin því, eins og áður segi, við að það sé ekki almennt orð eða lýsandi fyrir þá þjónustu sem fyrirtækið bjóði. Orðið raflausnir sé það almennt að ekki sé unnt að veita einum aðila einkarétt til þess sem orðhluta í nafni sínu.

Í þriðja lagi sé því hafnað að megináhersla vörumerkis kvartanda sé á raflausnir heldur sé ljóst að fullt nafn fyrirtækisins komi fram í vörumerki þess og dyljist það engum. Vörumerki Raflausna rafverktaka sé mjög ólíkt vörumerki kvartanda að því frátöldu að orðið raflausnir komi fyrir í þeim báðum. Raflausnir rafverktakar velti fyrir sér hvort kvartandi telji sig líka eiga einkarétt á orðunum íslenskar og rafverktakinn þinn, sem fram komi í vörumerki hans.

Í fjórða lagi hafi kvartandi talið heimilt að nefna félag sitt Íslenskar raflausnir til að aðgreina sig frá fyrirtækinu Raflausn, sem hafi verið skráð í Fyrirtækjaskrá. Með því viðurkenni kvartandi að skeyting orðsins Íslenskir fyrir framan heitið Raflausnir sé nægilegt til að aðgreina hann frá fyrirtækinu Raflausnir. Þar með ætti það sama að gilda varðandi Raflausnir rafverktaka.

Í fimmta lagi megi vísa til sambærilegra samheita á öðrum sviðum, líkt og framar greini. Þá sé orðið „lausnir“ mjög móðins í dag og mjög algengt sem nafn eða hluti nafns í hinum ýmsu iðngreinum, sbr. t.d. Höfuðlausnir, Höfuðlausn, Prentlausnir, Veflausnir o.fl. Sé orðið „lausnir“ slegið inn í leitarstreng á leitarvél ja.is komi upp fleiri blaðsíður af fyrirtækjum, t.d. Ip lausnir, Betri lausnir, DE lausnir, Einfaldar lausnir, FB lausnir, Fis lausnir, Hansa lausnir, Hugbúnaður og lausnir, LG lausnir, Lausn fjölskylduráðgjöf, Lausnin baráttusamtök, Lausnir lögmannsstofa, Ljós og lausnir, Nýjar lausnir, Obex lausnir, Piklar lausnir og Ráðgjöf og lausnir. Þá séu ekki talin þau fyrirtæki þar sem orðið lausnir komi fyrir í samsettu nafni fyrirtækisins.

Með vísan til framanritaðs telji Raflausnir rafverktakar ljóst að ekki sé unnt að verða við kröfum kvartanda í málinu.

4.

Bréf Raflausna rafverktaka var sent Íslenskum raflausnum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. febrúar 2012. Svar barst með bréfi Íslenskra raflausna, dags. 1. mars 2012. Í bréfinu kemur fram að Íslenskar raflausnir telji rétt að ítreka að félagið telji ruglingshættu vera á

umræddum tveimur félögum. Bæði félögin leggi áherslu á orðið „Raflausnir“ í nafni sínu, enda séu orðin „Íslenskir“ og „rafverktakar“ almenn og algeng orð. Þannig komi t.d. fram á heimasíðu Raflausna rafverktaka, raflausnir.is, að félagið heiti „Raflausnir ehf.“ Þá sé orðið „rafverktakar“ ekki að finna í myndmerki Raflausna rafverktaka, en eins og komið hafi fram séu bílar félagsins og fatnaður þeirra allt merkt með myndmerkinu. Virðist því félagið einkum einkenna sig með orðinu „raflausnir“. Forskeytið „Íslenskir“ sé einnig með mjög smáu lettri í myndmerki Íslenskra raflausna. Hafi félagið ætíð lagt áherslu á nafnið „Raflausnir“ við markaðsstarf sitt í þau rúmu 10 ár sem nafnið hafi verið notað. Telur félagið því alveg ljóst að af myndmerkjum, vefsíðu og netföngum aðila að báðir aðilar leggi áherslu á nafnið „Raflausnir“ í sínum viðskiptum. Íslenskar raflausnir þjónusti einnig bæði fyrirtæki og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og því starfi þessir aðilar á sama markaði. Telji félagið að þar af leiðandi sé til staðar ruglingshætta á félögunum, enda hafi félagið orðið vart við slíkt, eins og komið hafi fram í fyrri bréfum.

Á það hafi verið bent að mörg félög hafi orðið „lausnir“ í nafni sínu. Íslenskar raflausnir mótmæli því að sömu sjónarmið eigi við í þeim tilfellum og í sínu tilfelli. Orðið „raflausnir“ sé fleirtala á orðinu „raflausn“. Orðið „raflausn“ sé vísindalegt hugtak yfir lausn sem innihaldi jónir og leiði því rafstraum (algengar raflausnir séu t.d. vatnslausnir með söltum). Orðið sé því með mun sérstakari merkingu heldur en orðið „lausn“ (dregið af orðinu „leysa“) hvort sem orðið „lausn“ standi eitt og sér eða í samsettu orði eins og „veflausn“. Þessu til viðbótar þá noti flest þau félög sem nefnd hafi verið önnur og sérstakari orð með orðinu „lausn“, til þess einmitt að aðgreina sig frá keppinautum. Þannig mætti ætla að ef stofnað yrði félagið Atómstöðin ehf. sem ynni á sviði vefsíðugerðar á höfuðborgarsvæðinu þá væru ágætar líkur á því að félaginu yrði ruglað saman við félagið Atómstöðin – vefsíðugerð og veflausnir ehf.

Þá hafi því heldur ekki verið haldið fram að Íslenskar raflausnir eða Raflausnir rafverktakar séu með síðu á samskiptavefnum facebook.com heldur hafi verið bent á þá staðreynd að mikilvægi „word of mouth“ hafi aukist með tilkomu slíkra samskiptavefja. Undir þeim kringumstæðum geti auðveldlega orðið ruglingur á nöfnum félaga þegar „reynslusögur“ gangi manna á milli.

Íslenskar raflausnir andmæli því að orðið „raflausn“ sé svo almennt orð og einkennandi fyrir þjónustu aðila að það njóti ekki einkaréttar eins og Raflausnir rafverktakar haldi fram. Eins og fram hafi komið sé um að ræða einstakt, vísindalegt hugtak yfir lausn sem innihaldi frjálsar jónir og leiði því rafmagn. Hugtak sem hægt væri að telja almennt og lýsandi fyrir þjónustu aðila, væri hugtak líkt og „rafverktakar“. Telja Íslenskar raflausnir því að nafnið „Raflausnir“ geti notið einkaréttar.

Íslenskar raflausnir hafi ekki haldið því fram að það geti ekki verið ruglingshætta á félögum sem beri heitin „Íslenskar raflausnir ehf.“ og „Raflausn ehf.“, en hið síðarnefnda félag hafi einmitt orðið til þess að Íslenskar raflausnir fengu ekki skráð heitið „Raflausnir ehf.“ hjá Fyrirtækjaskrá.

Félagið hafi hins vegar talið á sínum tíma að slík hættu væri ekki fyrir hendi þar sem félögin væru með ólíka starfsemi, auk þess sem annað væri staðsett á höfuðborgarsvæðinu en hitt á Egilsstöðum. Fyrir 11 árum þegar Íslenskar raflausnir hafi fengið nafn sitt skráð hafi ekki verið til staðar, svo félagið vissi til, annað félag á sviði rafverktaka með heitinu „Raflausnir“. Hafi félagið því talið sér óhætt að byggja upp rekstur sinn undir því nafni.

Að öðru leyti ítreki Íslenskar raflausnir þau sjónarmið sem fram hafi komið og kröfu sína þess efnis að Raflausnum rafverktökum verði bannað að nota nafnið „Raflausnir“ eða „Raflausnir rafverktakar“.

5.

Bréf Íslenskra raflausna var sent Raflausnum rafverktökum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. mars 2012. Svar barst með bréfi Raflausna rafverktaka, dags. 15. mars 2012. Í bréfinu segja Raflausnir rafverktakar að félagið vilji ítreka að félagið hafi ekki orðið vart við kvartanda fyrr en með kæru hans og hafi ekki orðið vitni að neinni markaðssetningu af hálfu kvartanda og setji spurningarmerki við þá fullyrðingu að kvartandi hafi lagt áherslu á nafnið Raflausnir við markaðsstarf sitt í rúm tíu ár. Raflausnir rafverktakar hafi aldrei séð auglýsingu frá kvartanda en af þeim gögnum sem liggi frammi í málinu telji Raflausnir rafverktakar ljóst að kvartandi noti alltaf fullt nafn fyrirtækis síns og því sé þannig mótmælt að aðaláherslan hafi verið á orðið Raflausnir. Íslenskar raflausnir sé þannig nægilega aðgreint frá Raflausnum rafverktökum og ekki sé ruglingshætta fyrir hendi fyrir neytendur. Þar sem Raflausnir rafverktakar hafi aldrei heyrt um kvartanda áður og engar upplýsingar sé að finna um hann á netinu dragi félagið í efa að markhópur þeirra sé sá sami.

Hugtakið raflausn (fleirtala: raflausnir) hafi verið skýrt í fyrra bréfi félagsins. Þá hafi kvartandi tekið skýringuna upp í svarbréf sitt svo óþarfi sé að skýra hugtakið enn á ný í bréfinu enda ljóst að orðið sé hugtak innan rafmagnsfræðinnar sem almenningi sé vel kunnugt. Þannig sé orðið of almennt til að njóta vörumerkjaverndar. Máli sínu til stuðnings bendi Raflausnir rafverktakar á ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 73/2011 þar sem orðið *volcano* þótti svo almenns eðlis, þó það væri ekki einkennandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna að heitið gæti ekki notið einkaréttar. Í máli Neytendastofu nr. 68/2011 þótti orðið *rými* svo almennt að ekki væri hægt að veita öðrum aðilanum einkarétt til þess orðhluta í firmaheiti sínu. Sömu niðurstöðu sé að sjá í mörgum ákvörðunum Neytendastofu.

Með vísan til fyrra málsins sérstaklega telji Raflausnir rafverktakar ljóst að ekki sé hægt að fallast á kröfur kvartanda en auk rökstuðnings sem fram komi í máli Neytendastofu er varðaði orðið *volcano*, sé það orð sem hér um ræði bæði einkennandi fyrir starfsemi Raflausna rafverktaka og það á tvo vegu, þ.e. sem hugtak innan rafmagnsfræðinnar og sem skírskotun í vinnu félagsins sem sé að finna lausnir á málum tengdum rafmagni.

6.

Bréf Raflausna rafverktaka var sent Íslenskum raflausnum til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. mars 2012. Með bréfinu var aðilum máls tilkynnt að gagnaöflun þess væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvarta Íslenskar raflausnir ehf. yfir notkun Raflausna rafverktaka ehf. á firmanafninu, Raflausnir rafverktakar, þar sem nöfnin séu afar lík og með þeim sé því ruglingshætta. Íslenskar raflausnir hafi notað firmanafn sitt frá árinu 2001. Lögð hafi verið áhersla á orðið *raflausnir* í markaðssetningu fyrirtækisins, sem Raflausnir rafverktakar geri einnig. Fyrirtækin séu bæði á rafverktakamarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Í erindi sínu vísa Íslenskar raflausnir til 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Raflausnir rafverktakar hafna kröfu Íslenskra raflausna. Engin hætta sé á því að ruglast verði á félögunum. Orðið *raflausnir* sé almennt og lýsandi fyrir starfsemi félagsins og geti því ekki notið einkaréttar. Raflausnir rafverktakar hafi ekki orðið vör við félag kvartanda fyrr en með kvörtun til Neytendastofu. Með málatilbúnaði sínum hafi Íslenskar raflausnir viðurkennt að viðskeytingin *íslenskir* sé nægilegt til aðgreiningar fyrirtækjanna. Þá noti fjöldi fyrirtækja orðið *lausnir* sem orðhluta í nafni sínu.

Undir meðferð málsins benti Neytendastofa aðilum máls á að 5. gr. laga nr. 57/2005 kynni einnig að koma til álita í málinu.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Báðir aðilar málsins hafa fengið firmanöfn sín skráð með þar til bærum hætti hjá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Íslenskar raflausnir þann 3. apríl 2001 og Raflausnir rafverktakar þann 3. maí 2011. Ljóst þykir að bæði fyrirtæki hafa notað firmanöfnin til auðkenningar á starfsemi sinni. Þá hafa Raflausnir rafverktakar fengið skráð lénið raflausnir.is hjá ISNIC þann 8. febrúar 2011. Á léninu er starfrækt heimasíða fyrirtækisins. Að mati Neytendastofu eiga því báðir aðilar rétt til auðkenna sinna og á því 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 við í máli þessu. Skal því litið til þess hvort ruglingshætta í skilningi 15. gr. a. sé fyrir hendi.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Bæði félög eru skráð í Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra í atvinnugreinaflokkinn 43.21.0, Raflagnir. Gögn málsins gefa til kynna að bæði félög séu rafverktakafyrirtæki sem starfi á höfuðborgarsvæðinu. Þá greinir félögin ekki á um að þau séu keppinautar. Telur Neytendastofa því ljóst að aðilar máls eru keppinautar á markaði.

Samkvæmt Íslenskri orðabók þýðir nafnorðið raflausn, vökvi sem leiðir rafstraum vegna jónunar. Gögn málsins gefa til kynna að firmaheiti málsaðila vísi ekki til þeirrar gerðar vökva. Heitið *raflausnir* er samsett úr forskeytinu raf og fleirtöluorðinu lausnir.

Neytendastofa telur ljóst að notkun á fleirtöluorðinu lausnir sé algeng í samsettum firmaheitum og heitum sem notuð eru til auðkenningar á fyrirtækjum hér á landi. Heitið raflausnir gefur einnig til kynna að fyrirtækin starfi við úrlausnarefni sem með einum eða öðrum hætti tengjast rafmagni. Telur Neytendastofa því að heitið sé almenns eðlis og lýsandi fyrir starfsemi rafverktaka. Jafnframt er það mat Neytendastofu að þegar firmanöfn aðila, *Raflausnir rafverktakar* og *Íslenskar raflausnir* séu virt heildstætt séu þau nægjanlega frábrugðin hvort öðru svo ekki valdi ruglingi.

Að ofangreindu virtu telur Neytendastofa að jafnvel þótt aðilar máls þessa séu keppinautar á markaði sé ruglingshætta firmanafnanna fjarlæg og að ekki sé um að ræða brot gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að sama skapi telur stofnunin að notkunin brjóti ekki gegn ákvæði 5. gr. sömu laga. Er það því mat Neytendastofu að ekki sé ástæða til aðgerða af hálfu stofnunarinnar í máli þessu.

IV. Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 3. júlí 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir